

EIGENDAFUNDUR ORKUVEITU REYKJAVÍKUR - FRAMHALDSEIGENDAFUNDUR

Ár 2024, föstudaginn 14. júní var haldinn framhaldseigendafundur Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn er framhald eigendafundar sem haldinn var 2. febrúar sl. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundarbúnað og hófst kl. 10:30.

Þessi sátu fundinn fyrir hönd eigenda: Einar Þorsteinsson, borgarstjóri fyrir Reykjavíkurborg, Haraldur Benediktsson, bæjarstjóri fyrir Akraneskaupstað og Lilja B. Ágústsdóttir, staðgengill sveitarstjóra fyrir Borgarbyggð. Lilja og Haraldur tóku þátt um fjarfundabúnað.

Einnig sat fundinn Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri, Gylfi Magnússon, stjórnarformaður, Snorri Hafsteinn Þorkelsson, framkvæmdastjóri fjármála, Elín Smáradóttir, yfirlögfræðingur og Björg Magnúsdóttir, aðstoðarkona borgarstjóra.

Þetta gerðist:

Gylfi Magnússon, stjórnarformaður, setti fund og var kjörinn fundarstjóri. Fundarstjóri gerði grein fyrir boðun fundarins. Engar athugasemdir voru gerðar við boðun hans og að því loknu úrskurðaði fundarstjóri fundinn löglegan og stakk upp á Elínu Smáradóttur sem fundarritara. Samþykkt.

- Forstjóri lagði fram svohljóðandi tillögu, dags. 19. janúar 2024, um eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur, sem frestað var á fundi 2. febrúar 2024. Tillögunni fylgir greinargerð.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur skorar á eigendur að skipa vinnuhóp til að endurskoða eigendastefnu, sameignarsamning og eftir atvikum lög um Orkuveitu Reykjavíkur, t.d. varðandi félagsform. Stofnsamþykktir skv. fyrirbyggjandi drögum verði afgreiddar að þeirri vinnu lokinni.

Samþykkt. Óskað verður tilnefninga eigenda í vinnuhóp.

- Forstjóri lagði fram og kynnti nýja heildarstefnu Orkuveitu Reykjavíkur en afgreiðslu hennar var frestað á eigendafundi 2. febrúar 2024. Umræður.

Frestað.

- Arðsemissstefna Orkuveitu Reykjavíkur lögð fram að nýju til staðfestingar frá eigendafundi 2. febrúar sl. Umræður.

Samþykkt.

- Arðgreiðslustefna Orkuveitu Reykjavíkur lögð fram að nýju til staðfestingar frá eigendafundi 2. febrúar sl. Snorri Hafsteinn Þorkelsson kynnti stefnuna og arðgreiðsluskilyrðin sem í henni felast. Umræður.

Samþykkt að halda óbreyttri arðgreiðslustefnu.

- Áhættustefna Orkuveitu Reykjavíkur lögð fram að nýju til staðfestingar frá eigendafundi 2. febrúar sl. Umræður.

Samþykkt.

- Önnur mál.

- Upplýst um framgang skoðunar á möguleikum á sölu Hlíðarveitu.

- Upplýst um fyrirhugað umhverfismat vindorkukosta. Óskað verður samþykkis eigenda í samræmi við ákvæði eigendastefnu þegar og ef ákveðið verður að ráðast í framkvæmdir. Eigendur munu fá sérstaka kynningu á stöðu verkefnisins í lok sumars.

Fleira gerðist ekki og fundi slitið kl. 11:30.

Einar Þorsteinsson

Haraldur Benediktsson

Lilja B. Ágústsdóttir

Undirritunarsíða

Einar Þorsteinsson

Haraldur Benediktsson

Lilja Björg Ágústsdóttir